

Merking skírnarinnar

Við lærðum í verkefnum hér á undan að við erum öll fædd „í Adam“ (með eðli Adams). Við fæddumst með syndsamlegt eðli, þ.e. með tilhneigingar til þess að syndga. Þess vegna gátum við ekki af sjálfsdáðum breytt hjarta okkar og þar af leiðandi ekki gjörðum okkar heldur. En vegna fórnar Krists hefur hann endurleyst mannkynið. En af því að Guð skapaði mannkynið með frjálsan vilja þvingar hann engan til að taka við frelsun. Aðeins þeir sem taka á móti þessari gjöf hjálpræðisins fyrir trú og skírast til Krists munu hljóta hana.

Orðið ‚skírn‘ er notað 97 sinnum í Biblíunni. Það gefur okkur nokkra vísbendingu um mikilvægi hennar. En hvað er skírnin og hvaða máli skiptir hún? Hér á eftir munum við rannsaka hvað Guð kennir um skírnina.

1. Hve mikilvæg er skírnin? Markús 16.15-16 ; Jóhannes 3.3-5

2. Hvað táknar skírnin? Rómverjabréfið 6.3-5; Kólossubréfið 2.12

Ath. Þegar við skírumst sýnum við að við samsömumst dauða, greftrun og upprisu Jesú Krists. Skírnin þýðir að við höfum dáið með Kristi og grafið hinn gamla mann syndarinnar og að við rísum upp til „nýs lífs í Kristi.“ Skírnarathöfnin er myndlíking af endurfæðingunni: Syndarinn er fyrst greftraður í vatninu, rétt eins og fólk er lagt í gröfina. Þetta gefur til kynna að við höfum dáið með Kristi og höfum greftrað hinn gamla lífsstíl okkar. Skírnin er útför, formleg kveðjustund þess einstaklings sem var þræll syndarinnar. Syndaranum er síðan lyft upp úr vatninu, rétt eins og hinir réttlátu munu rísa upp úr gröfum sínum á hinum efsta degi. Í þessum heimi byrjum við með lífi og endum með dauða. Andlega byrjum við með dauða og endum með eilífu lífi.

3. Hver var fyrstur til að skíra í Nýja testamentinu? Matteus 3.1-6

4. Hvers vegna var Jóhannes skírari að skíra úti í óbyggðunum? Jóhannes 3.23

5. Hvers vegna sagði Jesús að sér væri nauðsynlegt að skírast? Matteus 3.13-17

26-2

Ath. Jesús var syndlaus. Hann þurfti ekki að iðrast neinna misgjörða eða láta þvo burt einhverja sekt. Það var önnur ástæða fyrir skírn Krists: „til að fullnægja öllu réttlæti.“ Með því að leyfa Jóhannesi að dýfa sér niður í ána Jórdan, gaf Jesús okkur jákvætt fordæmi. Hann samsamaðist algjörlega veikburða syndugu mannkyni. Hann var fús til að taka öll þau skref sem það þurfti að taka. Svo að þegar hinum trúuðu er dýft ofan í skírnar vatnið, eru þau að feta í fótspor Drottins síns.

6. Hafði faðirinn velþóknun á því þegar sonur hans, Drottinn okkar Jesús, var skírður? Markús 1.11

7. Hvernig gefur Biblían til kynna að Kristur var skírður niðurdýfingar skírn? Markús 1.10

8. Hvað um lærisveina [eða postula] frumkirkjunnar? Á hvern hátt skírðu þeir? Postulasagan 8.36-38

Ath. Þegar við skiljum hina sönnu merkingu skírnarinnar, eigum við ekki í erfiðleikum með að greina hið „ekta“ form skírnarinnar. Enska orðið „baptize“ kemur frá gríska orðinu „baptizo,“ og merkir að dýfa niður í og undir vatn. Fyrstu þrettán aldirnar var niðurdýfingarskírnin nánast eina algilda form skírnarinnar. Fornleifafræðin hefur uppgötvað margar skírnarlaugar frumsafnaðarins. Það var ekki fyrr en á þinginu í Ravenna snemma á sextánda öld að Kapólska kirkjan viðurkenndi, fyrir þæginda sakir, það að dreypa nokkrum dropum vatns jafngilti niðurdýfingu. Margir Mótmaendur hafa tekið við og lagað sig að þessum breytingum Kapólsku kirkjunnar frá því fyrr á öldum.

9. Hvað bauð Jesús fylgjendum sínum að gera áður en þeir skírðu fólk? Matteus 28.19-20

Ath. Að verða fylgjandi Krists og njóta uppfræðslu er hluti undirbúningsins fyrir skírnina. Það er ómögulegt fyrir ungabörn að skilja mikilvægi frelsunarinnar. Skírnarþeganum á að kenna að „halda allt það sem ég hef boðið yður.“

10. Hvað segir Pétur að við eigum að gera áður en við erum skírð? Postulasagan 2.38

Ath. Heilagur Andi kemur iðruninni til leiðar með því að hjartað gefst Kristi að fullu og öllu. Jesús lofar þeim sem skírast til Krists „gjöfum“ Heilags Anda. Gjafir Andans eru þessar sérstöku gjafir sem þér eru gefnar til að byggja upp ríki Guðs. Sumar þessara gjafa eru kennsla, hyggindi, gestrisni, þjónusta, gjafmildi, o.s.f.

26-3

11. Hvert var skilyrði þess að fá að tilheyra söfnuði Guðs? Postulasagan 2.41

12. Hve mikilvæg fyrir Guði er opinber játning á trú okkar? Matteus 10.32-33

Samantekt: Í þessu lífi þurfum við að deyja! Okkar eina val er hvernig það á sér stað. Annað hvort deyjum við sjálfum okkur og verðum lifandi í Kristi fyrir skírnina eða við deyjum sem syndarar í Adam.

Jesús sýndi opinberlega kærleika sinn til okkar með því að deyja á Golgata í okkar stað. Við þurfum að bregðast við því með okkar eigin opinberlegu yfirlýsingu, játningu sem við blygðumst okkar ekki fyrir, um að við gefumst Kristi í skírninni.

Svör við nr. 26

Spurning 1 – Hún er þýðingarmikil og nauðsynleg samkvæmt Biblíunni

Spurning 2 – Við deyjum sjálfum okkur og lifum nýju lífi með Kristi

Spurning 3 – Jóhannes skírari

Spurning 4 – Þar var mikið vatn

Spurning 5 – Til að fullnægja öllu réttlæti

Spurning 6 – Já

Spurning 7 – Hann sté upp úr vatninu

Spurning 8 – Með niðurdýfingu

Spurning 9 – Gera þá að lærisveinum og kenna þeim allt það sem Guð kenndi okkur

Spurning 10 – Að iðrast

Spurning 11 – Með skírn

Spurning 12 – Samkvæmt því sem Guð segir er hún mjög mikilvæg